

LÖGMANNABLAÐIÐ

13. árgangur | október | 3/2007

Könnun: Innanhúslögmennt
Gæðastjórnun lögmennsstofa



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Fagtengt efni

Ingimar Ingason:

Af vettvangi félagsins

Aðgerðir gegn peningapvætti

Könnun Lögmannablaðsins:

Innanhúslögmenn

Skrifstofa BBA//Legal í London

Guðrún Björk Bjarnadóttir:

Lögmannafélagið fær til sín erlenda fyrirlesara

Jóhann Hjartarson:

Málþing um persónuvernd

Gunnar Sturluson:

Gæði eru grundvöllur að góðum rekstri

Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:

Frá ritstjórn

Helgi Jóhannesson:

Pistill formanns

Eyrún Ingadóttir:

Fréttir frá félagsdeild

Á léttum nótum

Af Merði lögmanni

Golfsumarið 2007

BLS

6

8

10

16

18

20

29

4

26

28

22

24

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:
Sigurður Arnalds hrl.
Skúli Bjarnason hrl.
Svanhvít Axelsdóttir hdl.
Tómas Eiríksson hdl.
Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Helgi Jóhannesson hrl., formaður.
Lárentsínus Kristjánsson hrl.,
varaformaður.
Hjördís Halldórsdóttir hdl., ritari.
Ástríður Gísladóttir hdl., gjaldkeri.
Jóhannes B. Björnsson hrl.,
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Við Jökulsárlón sumarið 2007.

MYNDATAKA:
Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

Prentvinnsla:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.

ISSN 1670-2689

Ævintýrlegar lausnir...

skrifstofubúnaður fyrir öll fyrirtæki!



K O R T E R . I S



BILLOON

Seðlatalningavélar



SCAN COIN

Mynttalinga- og flokkunarvélar



ROSENGRENS

Öryggis- og peningaskápar



BISLEY

Skjala- og skrifstofuskápar



nashuatec

Prentarar, fjölritunar- og ljósritunarvélar

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.



Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

Lögmannablaðið birtir nú niðurstöður könnunar sinnar meðal innanhússlögmannanna. Könnunin er framhald þess verkefnis sem blaðið hóf með könnun sinni á högum lögmannanna á lögmannsstofum og birt var í 1. tbl. þessa árs. Innanhússlögmenn eru 34% starfandi lögmannanna og fer fjölgandi. Samkvæmt félagatali Lögmannafélagsins starfar 38% þeirra hjá opinberum aðilum. Meirihlutinn, 62%, er hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Af þeim eru langflestir starfandi hjá fjármálafyrirtækjum, nánar tiltekið fjármála-, fjárfestingar- eða tryggingafélögum eða 40%. Þetta er svipuð þróun og annars staðar þar sem atvinnutækifærum lögmannanna, bæði í fyrirtækjum og á lögmannsstofum sem þjóna fyrirtækjum, fjölga með auknum umsvifum í atvinnulífinu.

Samkvæmt könnuninni er nokkur munur á þessum tveimur hópum innanhússlögmannanna hvað varðar kynjahlutfall og vinnutíma. Hlutfallslega fleiri konur en karlar í hópi svarenda starfa hjá opinberum aðilum. Sú skipting er jafnari innan fjármálafyrirtækjanna.

Með tilliti til jafnréttisumræðunnar er athyglisvert að skoða aldurskiptingu svarendahópsins og stöðu kvennanna í því samhengi. Þær eru yngri en karlarnir sem skýrir skiptinguna eftir störfum. Eins og fram kemur í yfirlitinu á bls. 13 sker aldurs hópurinn 30-39 sig úr. 33,3% kvenna á því aldursbili eru framkvæmdastjórar eða forstöðumenn á móti 36,4% karla. Þegar kemur að deildarstjórum eða

yfirlögfræðingum hafa konurnar vinninginn, 50% gegna slíkum störfum á móti 26,3% karla. Samkvæmt því eru konur í yngri aldurshópunum að vinna á.

Ráðgjöf og samningagerð veiga þyngst í störfum innanhússlögmannanna. Störf sem krefjast strangt til tekið ekki lögmannsréttinda. Engu að síður velja þessir lögmenn að viðhalda réttindum sínum og vera þar með í Lögmannafélaginu. Þeir telja það væntanlega hafa þýðingu gagnvart viðskiptavinum og öðrum. Hluti þeirra eru þó gagnrýninn á Lögmannafélagið ef marka má svör við spurningu könnunarinnar um afstöðu til félagsins. Því er til að svara að það er eðlileg krafa að stjórnin endurspegli þarfir félagsmanna sinna og einnig að innanhússlögmenn eigi þar jafnan einn eða tvo fulltrúa. Við innanhússlögmenn, en ritstjórinn er úr þeirra röðum, berum þar einnig ábyrgð. Eins og fram kemur í pistli formanns þurfum við að sýna félaginu áhuga til að það geti verið öflugur bakhjarl og málsvari lögmannanna. Það á við okkur öll og ekki aðeins þá sem veljast til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Eins er með Lögmannablaðið. Það er hvatning og uppörvun fyrir ritstjórn að fá staðfestingu á því að helmingur svarenda lesi blaðið og hinn helmingurinn fletti í gegn um það. Efni og efnistöð eru ávallt til umræðu. Þótt vel hafi gengið að fá efni í blaðið saknar ritstjóri líflegri umræðu og skoðanaskipta um málefni sem varða lögmenn. Blaðið er kjörinn vettvangur fyrir slíka umræðu.



MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

við lagadeild Háskólans í Reykjavík

YFIRLIT YFIR KJÖRGREINAR OG MÁLSTOFUR

HAUST 2007

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR

ML ritgerð
Advanced Legal English
Afbrotáfræði
Alþjóðleg lausafjárkaup
Einkaleyfaréttur
Evrópskur fjölmiðlaréttur
Evrópuréttur IIA/Free movement of goods and adjacent areas
Evrópuréttur I/Competition Law
Fjárskiptaréttur
Fjármálafyrirtæki og Evrópulöggjöf á sviði fjármálþjónustu
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum
Hlutverk verjanda í opinberum málum
Lagakenningar
Mannréttindasáttmáli Evrópu
Public Procurement in the EE: How to award Public Contracts?
Sjón- og flutningaréttur
Stjórnsýsluréttur II
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition

KENningarAR

Erlendína Kristjánsson
Svala Ólafsdóttir
Þórður S. Gunnarsson
Jón Vilberg Guðjónsson
Páll Þórhallsson
Peter Chr. Dyrberg
Peter Chr. Dyrberg/Alastair Sutton
Sigurjón Ingvason og Jóhanna H. Halldórsdóttir
Hallgrímur Ásgeirsson og Jónas Fr. Jónsson
Sigurður Tómas Magnússon
Björn L. Bergsson og Guðrún Sesselja Arnardóttir
Arnar Þór Jónsson
Oðný Mjöll Arnard., Davíð Þór Björgvins. og Guðrún Gauksd.
Jesper Svenningsen og Poul Runge Nielsen
Guðmundur Sigurðsson og Einar Baldvin Axelsson
Margrét Vala Kristjánsdóttir
Þóris Ingadóttir

VOR 2008

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR

ML ritgerð
Alþjóðastofnanir
Alþjóðlegur einkamálaréttur, lagaskil á sviði samningaréttar
Evrópuréttur IIB/Free movement of persons, services and capital
Evrópuréttur IV/The State and Competition
Fjárfestingarlög, verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir
Hagnýt samningaréttur
Heilbrigðisréttur
Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir
Málstofa í stjórnsýslurétti
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavand
Málstofa um auðindarétt
Málstofa um evrópskan samningarétt
Réttarsaga
Réttarsálarfræði
Verktaka- og útboðaréttur
Vörumerkjarettur
WICA, Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot

KENningarAR

Þóris Ingadóttir
Herdis Hallmarsdóttir og Jónas Jóhannsson
Peter Chr. Dyrberg
Peter Chr. Dyrberg
Tómas Njáll Möller
Guðrún B. Birgisdóttir og Aðalsteinn Leifsson
Dögg Pálsdóttir
Aðalsteinn E. Jónasson
Margrét Vala Kristjánsdóttir og Tómas Eiríksson
Oðný Mjöll Arnardóttir og Guðrún Gauksdóttir
Matthías G. Pálsson
Ragnhildur Helgadóttir
Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson
Othar Örn Petersen og Erlendur Gíslason
Rán Tryggvadóttir
Þórður S. Gunnarsson

HAUST 2008

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR

ML ritgerð
Advanced Legal English
Afbrotáfræði
Alþjóðlegur skattaréttur
Evrópuréttur IIA/Free movement of goods and adjacent areas
Evrópuréttur III/Competition Law
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum
Fjármálafyrirtæki og Evrópulöggjöf á sviði fjármálþjónustu
Málstofa í bótarétti
Málstofa í fjölmiðlarétti
Málstofa um höfundarétt
Málstofa um stjórnhætti hlutafélaga
Mannréttindasáttmáli Evrópu
Stjórnsýsluréttur II
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition
Umhverfisréttur

KENningarAR

Erlendína Kristjánsson
Svala Ólafsdóttir
Þóris Ingadóttir, James H. Mathis og Alastair Sutton
Gunnar Gunnarsson
Peter Chr. Dyrberg
Peter Chr. Dyrberg/Alastair Sutton
Sigurður Tómas Magnússon
Hallgrímur Ásgeirsson og Jónas Fr. Jónsson
Guðmundur Sigurðsson
Páll Þórhallsson
Ragnhildur Helgadóttir
Rán Tryggvadóttir
Áslaug Björgvinsdóttir
Oðný Mjöll Arnard., Davíð Þór Björgvins. og Guðrún Gauksd.
Margrét Vala Kristjánsdóttir
Þóris Ingadóttir
Ragna Árnadóttir og Sigríður Auður Arnardóttir

VOR 2009

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR

ML ritgerð
Almannatryggingaréttur
Alþjóðadómstolar og fríðsamlegar úrlausnir deilmála
Alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir
Bandarísk réttarsaga, réttarkerfi og lög
Evrópuréttur IIB/Free movement of persons, services and capital
Evrópuréttur IV/The State and Competition
Hagnýt réttarheimspeki
Mannréttindi í viðskiptum
Málstofa (stjórnskipunarrétt)
Málstofa um auðindarétt
Málstofa um stjórnhætti hlutafélaga
Mannréttindasáttmáli Evrópu
Stjórnsýsluréttur II
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition
Umhverfisréttur

KENningarAR

Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir
Þóris Ingadóttir
Aðalsteinn E. Jónasson og Einar Páll Tamimi
Steinn Jóhannsson og John A. (Drew) Prinsner
Peter Chr. Dyrberg
Peter Chr. Dyrberg
Kristrún Heimisdóttir
Páll Ásgeir Davíðsson og Ursula Wynhoven
Elin Smáradóttir og Margrét Vala Kristjánsdóttir
Oðný Mjöll Arnardóttir og Guðrún Gauksdóttir
Gunnar Gunnarsson
Guðrún B. Birgisdóttir og Aðalsteinn Leifsson
Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson
Steinnur Guðbjartsdóttir og Valgerður Valdimarsdóttir
Þóra Hallgrímsdóttir
Matthías G. Pálsson
Jón Vilberg Guðjónsson

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK KYNNIR MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

- Rannsóknartengt meistaranám til ML-gráðu
- Reiknað er með að námið taki tvö ár
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu
- Markmið námsins er að þjálfva og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða
- Einstaklingsbundin námsáætlun
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar
- Gefinn verður kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík: www.hr.is/lagadeild



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík • Kringlan 1, 103 Reykjavík • Höfðabakki 9, 110 Reykjavík
Sími: 599 6200 www.hr.is



Ingimar Ingason

Af vettvangi félagsins

Breytingar á reglugerð nr. 1095/2005 um öflun réttinda til að vera héraðsdómslögmaður – nýtt réttindanámskeið

Nýlega gerði dómismálaráðherra breytingar á á reglugerð nr. 1095/2005 um öflun réttinda til að vera héraðsdómslögmaður. Með þeim var m.a. opnað fyrir þann möguleika að halda fleiri en eitt námskeið á ári en fjöldi útskrifaðra lögfræðinga hefur aukist mjög síðustu misseri. Í framhaldi af reglugerðarbreytingunni bætti prófnefnd við öðru námskeiði sem stendur frá september til nóvember. Alls eru 17 þátttakendur skráðir á þetta námskeið, þar á meðal fyrstu útskriftarnemar frá lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Af norrænni samvinnu

Framkvæmdastjórafundur norrænu lögmannafélaganna fór fram 13. september síðastliðinn. Þar var ákveðið hvaða málefni yrðu rædd á forsætisfundi félaganna sem mun fara fram á Íslandi í lok apríl 2008. Samþykkt var að leggja til við

stjórnir félaganna að megin viðfangsefni fundarins yrðu samskipti lögmannafélaga og stærri lögmannsstofa, réttaraðstoð og aðgengi að dómstólum sem og réttaraðstoð og þóknun. Loks verða ræddar viðamiklar breytingar sem verið er að gera, eða hafa þegar verið gerðar, á lögum um lögmennt í Danmörku og Finnlandi og hvaða áhrif þær hafa á lögmannafélögin. Til stendur að bjóða fulltrúum lögmannafélaganna í Eistlandi, Lettlandi og Litháen þátttöku á þessa árlegu fundi norrænu lögmannafélaganna. Danska lögmannafélagið hefur tekið að sér leita eftir fjárstuðningi til þess að svo megi verða en systurfélög okkar í Eyststrasaltsríkjunum eiga erfitt með að standa straum af slíkum kostnaði.

Á framkvæmdastjórafundinum var einnig rætt um hvort þörf væri á sameiginlegum fulltrúa Norðurlandanna innan CCBE sem hefði þá aðsetur í Brussel. Fyrir liggur tilboð frá Law Society of England and Wales um aðstöðu í skrifstofuhúsnæði þeirra í Brussel. Lögmannafélögin

hafa nú fjallað um þetta hvert í sínu lagi og tekið ákvörðun um að ráðning sameiginlegs fulltrúa sé ekki tímabær.

Breytingar á heimasíðu Lögmannafélagsins

Í sumar hefur verið unnið að frekari þróun og breytingum á heimasíðu Lögmannafélagsins. Auk þess sem forsíðan hefur fengið örlitla andlitsupplýftingu, hefur aðgengi verið aukið að upplýsingum um innan-húslögmennt þannig að nú er hægt að fletta upp á nöfnum þeirra með sama hætti og lögmannsstofum. Einnig hefur verið opnað fyrir félagatal þar sem upplýsingar er að finna um alla félagsmenn í Lögmannafélaginu.



GAGNAGEYMSLAN

Við geymum
og þjónustum
skjölin þín!

Smiðshöfða 1 • Sími 587 9800 • <http://www.gagnageymslan.is>



Nú er tækifærið!

SPRON, í samstarfi við Próunarbanka Evrópu CEB og Norræna fjárfestingarbankann NIB, býður konum með mótaða og samkeppnishæfa viðskiptaáætlun, hagstætt athafnalán* til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Fáðu aðstoð hjá viðskiptastjórum SPRON og draumurinn gæti orðið að veruleika!



75 ára



*Háð útlánareglum SPRON

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

Aðgerðir gegn peningaþvætti

Þann 1. janúar s.l. tóku gildi lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en umfjöllun um þessa löggjöf er m.a. að finna í 4. tbl. Lögmannablaðsins árið 2006. Í kjölfar gildistöku laganna hafa verið gefnar út tvær reglugerðir með nánari útfærslu á þeim. Annars vegar er um að ræða reglugerð nr. 550/2006 um tilkynningaskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hins vegar reglugerð nr. 626/2006, um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti. Eru lögmenn hvattir til að kynna sér efni þessara reglna.

Tilkynningaskylda

Meðal þess sem nýju peningaþvættislögin kveða á um er að lögmönnum, sem og öðrum tilkynningarskyldum aðilum, er nú samkvæmt 22. gr. skylt að tilnefna einn

úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann sem hefur það hlutverk að annast tilkynningar til lögreglu. Jafnframt er gerð krafa um að lögreglu sé tilkynnt um tilnefningu þessa ábyrgðarmanns.

Þrátt fyrir að nú séu rúmir níu mánuðir liðnir frá því að umrædd lög tóku gildi hefur embætti ríkislögreglustjóra enn ekki borist nein tilnefning um ábyrgðarmann frá íslenskum lögmennsstofum. Að gefnu tilefni vill Lögmannafélag Íslands beina þeim tilmælum til eigenda lögmennsstofa að bregðast skjótt við og tilnefna ábyrgðarmann í samræmi við lagaskyldu og senda jafnframt nauðsynlegar upplýsingar til embættis ríkislögreglustjóra.

Leiðbeinandi reglur

Einnig er sérstök athygli vakin á þeim leiðbeinandi reglum sem Lögmannafélagið gaf út fyrir lögmenn í tengslum við gildistöku laga nr. 64/2006, sem ætlað er að auðvelda félagsmönnum að sporna gegn hættu á að starfsemi þeirra verði notuð til peningaþvættis eða í tengslum við fjármögnun hryðjuverka. Þessar leiðbeiningar er að finna í handbók lögmanna á heimasíðu félagsins.



Rannsókn á bókhaldi og meintum viðskiptaglæpum



Við aðstoðum skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á bókhaldi og meintum viðskiptaglæpum.

Fyrirtækjasvið KPMG
Ágúst Þórhallsson
sími 545 6027

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY

Litla prent
Stórt verk lítið mál

Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is

prent.is

Skjalatætarar eru öryggistæki

Örugg eyðing, ólæsilegar og órekjanlegar upplýsingar
IDEAL er öruggt merki

Ný kynslóð af pappírstæturum.

Pappírstætarar í miklu úrvali, allt frá litlum tæturum við skrifborðið að afkastamiklum skrifstofutæturum.

- Öryggisbúnaður, rafræn stýring.
- Hárbeittir tætarahnífar úr vönduðu stáli, **5 ára ábyrgð**.
- Hljóðlátir en öflugir mótorar.

IDEAL 3803

- Öflugur skjalatætarari fyrir skrifstofuna.
- Breidd inntaks: 380 mm.
- Rúmtak geymslu: 160 lítrar.

CE IDEAL lýtur evrópskum gæðastaðli í framleiðslu skjalatætara.



NÝTT

IDEAL AL1

- Pappírstætarari með fágað útlit.
- Breidd inntaks: 240 mm.
- Rúmtak geymslu: 25 lítrar.

Þjóðum fleiri gerðir og stærðir. Þetta er góð vara.

— hvítlist
PRENTTÆKNIDEILD
Krókhálsi 3 569-1900

FORTE Auglýsingastofa



Hvað gerir ljósritunarpappír góðan?



Data copy er góður pappír í afar hentugum og meðfærilegum umbúðum.

Þetta er alltaf spurning um gæði:

- Ljósritunarpappírinn á að vera vera vel hvítur.
- Ljósritunarpappírinn þarf að taka prentlit vel svo ólíkar fyrirmyndir komi vel fram.
- Hann þarf að vera fjölnota; vera nothæfur til ýmissa nota skrifstofunnar; jafnt í svart/hvítu sem í lit, - í ljósritunarfél, prentara, faxtæki.
- Trygging sé fyrir vistvænu vinnsluferli pappírsins.

Ein pappírstegund til allra nota.

— hvítlist
PRENTTÆKNIDEILD
Krókhálsi 3 569-1900

FORTE Auglýsingastofa

Innanhúslögmenn

Lögmenn sem starfa hjá fjármálafyrirtækjum eru yngri og vinna meira en þeir sem eru hjá ríki eða sveitarfélögum. Þeir sem starfa í fyrirtækjum vinna meira en lögmenn á lögmennsstofum. Fleiri konur eru deildarstjórar eða yfirlögfræðingar en fleiri karlar framkvæmdastjórar eða forstöðumenn. Framhaldsmenntun lögmanna skilar sér í betri stöðum en starfsreynsla á lögmennsstofu hefur ekki merkjanleg áhrif.


Spurningarnar

Lögmennirnir voru spurðir hvort þeir störfuðu hjá a) fjármálafyrirtæki, fjárfestingar- eða tryggingafélagi, þ.e. fjármálafyrirtækjum, b) fyrirtæki á öðru sviði, c) ráðuneyti, sveitarfélagi eða opinberri stofnun, þ.e. opinberum aðilum, d) félagasamtökum.

Einnig hvort þeir gengdu stöðu a) framkvæmdastjóra eða forstöðumanns, b) deildarstjóra eða yfirlögfræðings, c) lögmenns eða sérfræðings.

Auk þess var spurt um kyn, vinnutíma og á hvaða aldri lögmennirnir væru; 25-29, 30-39, 40-49, 50-59 eða 60 ára og eldri. Svo og um framhaldsnám, helstu verkefni lögmanna og hvort þeir hefðu starfað á lögmennsstofu.

Spurt var um viðhorf lögmanna til LMFÍ og hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu skrifstofunnar og að auki hvort þeir læsu eða flettu Lögmannablaðinu.



Þetta er meðal þess sem kemur fram í könnun sem Lögmannablaðið lét gera í september síðastliðnum meðal lögmanna hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum. Alls fengu 229 lögmenn spurningar sendar rafrænt og fengust svör frá 150, eða 65,5%. Þess ber þó að geta að hlutfallslega fleiri lögmenn fjármálafyrirtækja en ráðuneyta, sveitarfélaga eða opinberra stofnana svöruðu könnuninni. Fyrr á árinu gerði Lögmannablaðið könnun meðal lögmanna sem starfa á lögmennsstofum en í henni var svarhlutfallið 62,5%.

Hvar starfa lögmenn?

Helmingur þeirra lögmanna sem tóku þátt í könnuninni starfar hjá fjármálafyrirtækjum og 12% hjá öðrum fyrirtækjum eða samtals 62%, á meðan tæpur þriðjungur, eða 31%, starfar hjá ríki eða sveitarfélögum. Aðeins 7% svarenda eru hjá félagasamtökum.

Greinilegur munur er á því hvar lögmenn starfa eftir aldri. Yngri lögmenn eru frekar hjá fjármála-


fyrirtækjum en þeir eldri starfa frekar hjá ráðuneytum, sveitarfélögum eða opinberum stofnunum. Lang flestir svarenda sem eru 60 ára eða eldri starfa hjá þessum opinberu aðilum, eða 67%. Sama hlutfall, 67%, þeirra sem eru á aldursbilinu 30-39 ára og 75% þeirra sem eru undir þrítugu starfa hins vegar hjá fjármálafyrirtækjum.

Starfsheiti

Þegar skoðað er hvaða stöðu svarendur gegna kemur í ljós að 57% eru í stjórnendastöðu og 43% eru lögmenn eða sérfræðingar. Hlutfallslega fleiri karlar eru framkvæmdastjórar eða forstöðumenn, eða 33% karla á móti 23% kvenna. Fleiri konur eru hins vegar deildarstjórar eða yfirlögfræðingar, eða 32% kvenna á móti 27% karla. Eins og sjá má á mynd 4 eru 60% framkvæmdastjóra eða forstöðumanna yfir fertugt á meðan sama hlutfall lögfræðinga eða sérfræðinga er innan við fertugt.


Helstu verkefni lögmanna

Til þess að fá mynd af því hvaða



Pórey Þórðardóttir hdl., forstöðumaður réttindamála hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins um starf sitt:

Ég veiti þremur deildum forstöðu hjá sjóðnum; Lífeyrisdeild, eftirmannsreglu og iðgjaldadeild. Ég kem að stjórnun og stefnumótun þeirra en deildarstjórar sjá um daglegan rekstur. Ég svara erindum er berast sjóðnum varðandi réttindamál, kem með tillögur að breytingum á reglum sjóðsins þegar þess er þörf og annast uppfærslu á samþykktum til samræmis við lagabreytingar. Einnig er ég ritari stjórnar og sit stjórnarfundum, undirbý og flyt mál fyrir hönd sjóðsins sem koma til kasta dómstóla.



störf eru á borðum þessara lögmanna voru þeir spurðir um helstu verkefni. Boðið var upp á sex svarmöguleika: málflutning, samningagerð, erlend samskipti, ráðgjöf, innheimtur og annað sem þeir vildu tilgreina. Þátttakendur gátu merkt við alla þá flokka sem áttu við um starf þeirra. Niðurstöðurnar eru þær að 80% svarenda stunda ráðgjöf, 61% samningagerð, 44% erlend samskipti og 11% innheimtur. 30% lögmanna tilgreindu önnur verkefni, oftast stjórnun og starfsmannamál. Málflutningi sinna 27 svarenda, eða 18% og af þeim sögðust ellefu flytja sex eða fleiri mál á ári, níu flytja þrjú til fimm mál á ári og sjö svarendur flytja eitt til tvö mál árlega.



Þeir lögmenn sem gegna framkvæmdastjóra- eða forstöðumannsstarfi eru lítið í málflutningi og sinna

fyrst og fremst ráðgjöf, samningagerð, erlendum samskiptum og stjórnun. Deildarstjórar og yfirlögfræðingar eru mun meira í málflutningi en stunda einnig ráðgjöf, samningagerð og erlend samskipti. Af framangreindu er ljóst að meginverkefni svarenda eru á sviði ráðgjafar og samningagerðar. Erlend samskipti eru í þriðja sæti en þau hafa aukist verulega á síðari árum og gera má ráð fyrir að eigi enn eftir að aukast.

Framhaldsnám skilar sér í betri stöðum

Stór hluti svarenda hefur stundað framhaldsnám eftir embættispróf í lögfræði en 65 svöruðu þeirri spurningu játandi (43%). Þar af höfðu 32 LL.M gráðu og 16 höfðu lokið námi í verðbréfamiðlun. Þegar rýnt er nánar í tölurnar kemur í ljós

að 57% þeirra sem eru framkvæmdastjórar eða forstöðumenn hafa stundað framhaldsnám og 47% deildarstjóra eða yfirlögfræðinga. Aðeins 31% þeirra sem eru lögmenn eða sérfræðingar hafa framhaldsnám að baki svo draga má þá ályktun að framhaldsnám eftir embættispróf í lögfræði skili sér í betri stöðum innan fyrirtækja og stofnana. Svipað hlutfall kvenna og karla hefur stundað framhaldsnám. Rúmur helmingur svarenda (53%) hefur áður starfað á lögmannsstofum en lítill sem enginn munur var á starfsheiti þeirra hjá fyrirtækjum eða stofnunum. Þannig höfðu 58% framkvæmdastjóra eða forstöðumanna starfað á lögmannsstofu, 53% deildarstjóra eða yfirlögfræðinga og 52% lögmanna eða sérfræðinga.



Vinnutími lögmanna

Vinnutími svarenda er langur. Fram kemur að 40% þeirra vinna meira en 50 tíma á viku, 55% vinna 40-50 tíma á viku en einungis 5,5% minna en 40 tíma á viku. Samkvæmt könnuninni vinna mun fleiri lögmenn fyrirtækja meira en 50 tíma á viku en lögmenn hjá hinu opinbera og félagasamtökum. Framkvæmdastjórar eða forstöðumenn skera sig einnig úr en 48% þeirra vinna meira en 50 tíma á viku. Karlar vinna meira en konur. Tæpur helmingur þeirra (46%) vinnur meira en 50 tíma á viku á móti 27% kvenna.

Lögmenn sem eru 60 ára eða eldri virðast farnir að draga úr vinnu en enginn þeirra sagðist vinna meira en 50 tíma á viku. Hins vegar vinnur tæpur helmingur lögmanna á aldrinum 30-49 ára (45%) meira en 50 tíma á viku. Þegar þessar niður-

stöður eru bornar saman við könnun sem gerð var meðal lögmanna á lögmennsstofum fyrr á þessu ári kemur í ljós að fleiri lögmenn fyrirtækja og stofnana vinna meira en 50 tíma á viku eða 55% á móti 30% lögmanna á lögmennsstofum. Samkvæmt því er verulegur munur á vinnutíma þessara tveggja hópa.

Aldur og kyn

Alls tóku 96 karlar (65%) og 53 konur (35%) þátt í könnuninni. 45% þeirra eru á aldrinum 30-39 ára og 30% á aldrinum 40-49 ára. Konur eru hlutfallslega fleiri en karlar á aldrinum 30-49 ára. 13% karla eru eldri en 60 ára á móti 4% kvenna og 42% karla eru 30-39 ára á móti 51% kvenna.

35% framkvæmdastjóra eða forstöðumanna eru á aldrinum 30-39 ára, 37% á aldrinum 40-49 ára og 23% eldri en 50 ára.

Helgi Sigurðsson hrl., framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings banka hf. um starf sitt:

Starf mitt felst í að stýra lögfræðisviði Kaupþings banka hf., sem skiptist í lögfræðiráðgjöf og lögfræðiinnheimtu



auk þess sem regluvarsla bankans er staðsett á lögfræðisviði. Um fjörutíu lögfræðingar eru starfandi innan samstæðunnar, þar af um helmingur þeirra á Íslandi, og er samstarfinu á milli landa hagað með þeim hætti að líta má á lögfræðisvið höfuðstöðva og dótturfélaga sem alþjóðlega lögfræðistofu sem hefur einn viðskiptavin, bankann sjálfan. Lögfræðisvið bankans í höfuðstöðvum veitir öllum sviðum bankans ráðgjöf svo sem í tengslum við fyrirtækjaverkefni, fjármögnun bankans, lánveitingar, verðbréfavíðskipti og samninga-gerð.

Miðað við þá sem svöruðu könnuninni starfa hlutfallslega nokkuð fleiri karlar í fjármálafyrirtækjum en konur eða 54% á móti 45% kvenna. Hlutfall kvenna er þannig hærra en umræðan hefur gefið til kynna. Konur eru á hinn bóginn hlutfallslega mun fleiri en karlar hjá opinberum aðilum eða 38% á móti 27% karla.

Hlutfallslega fleiri karlar eru framkvæmdastjórar eða forstöðumenn eða 34% á móti 23% kvenna. Fleiri konur eru hins vegar deildarstjórar eða yfirlögfræðingar, 38% á móti 21% karla. Það kann að skýrast að hluta til af aldri svarenda en hlutfallslega mun færri konur en karlar eru í eldri aldurshópum. Athyglisvert

	Framkvæmdastjóri eða forstöðumaður	Framkvæmdastjóri eða forstöðumaður	Deildarstjóri eða yfirlögfræðingur	Deildarstjóri eða yfirlögfræðingur
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
25-29 ára	6,10%	0%	0,00%	0%
30-39 ára	36,40%	33,34%	26,30%	50,00%
40-49 ára	30,30%	50,00%	36,80%	35,00%
50-59 ára	12,10%	8,33%	21,10%	10,00%
60 ára eða eldri	15,10%	8,33%	15,80%	5,00%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%

er að 50% þeirra kvenna sem eru framkvæmdastjórar eða forstöðumenn eru á aldrinum 40-49 ára á móti 30% karla og 50% kvenna sem eru deildarstjórar eða forstöðumenn eru 30-39 ára á móti 26% karla.

Afstaða til Lögmannafélagsins

Lögmenn voru bæði spurðir um afstöðu til Lögmannafélagsins og

þjónustu skrifstofunnar Rúmur meirihluti svarenda eða tæplega 62% sögðust vera jákvæðir í garð Lögmannafélagsins, 31% merkti við „hvorki né“ og 7% voru neikvæðir í garð þess. Ef litið er til þeirra sem eru jákvæðir til félagsins þá eru hlutfallslega fleiri konur jákvæðar eða 67% á móti 59% karla. Eins eru eldri lögmenn jákvæðari í garð félagsins en þeir yngri. Þá hafa 57% þeirra sem eru jákvæðir starfsreynslu

á lögmannsstofu. Það vekur þó athygli að hlutfallslega færri eru jákvæðir í garð félagsins meðal þeirra sem starfa hjá fjármála-fyrirtækjum heldur en á öðrum vinnustöðum. Boðið var upp á að gera athugasemdir og nýttu 13 lögmenn (9%) sér það. Í athugasemdum þeirra kemur meðal annars fram óánægja með hagsmunagæslu félagsins.



Lögmannsstofa með starfsemi í Reykjavík og London

BDN
BBA // LEGAL

Skógarhlíð 12 // 105 Reykjavík // bbalegal.com
23 Berkeley Square // London W1J 6HE // bbalegal.co.uk

Þórir Haraldsson, hdl., lögmaður Íslenskrar erfða- greiningar, um starf sitt:

Aðalverkefni mín eru samningamál við íslenska samstarfsaðila og samskipti við innlenda eftirlitsaðila á því sviði sem fyrirtækið starfar, þ.e. í erfðafræðirannsóknnum og samningar við erlenda samstarfsaðila í rannsóknnum, þ.á.m. varðandi rannsóknarstyrki sem fyrirtækið fær hjá Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna og ESB. Síðan koma á mitt borð lögfræðileg atriði varðandi starfsmannamál, fasteignir ofl., lögfræðileg ráðgjöf og eftir atvikum mála-rekstur fyrir fyrirtækið. Þessu fylgir síðan að uppfylla kröfur endurskoðenda og úttektaraðila um fyrirtækið, þ.á.m. SOX reglur að því er þetta varðar. Þessu til viðbótar sé ég um fjárreiður fyrirtækisins, ávöxtun fjármuna og samninga sem því tengjast.



Dæmi um athugasemdir sem komu fram:

- Viðhorf stjórnar LMFÍ gagnvart fyrirtækjalögmönnum hefur stundum verið neikvætt.
- Félagið hefur ekki þróast nægilega með breyttu umhverfi og hjá því gætir of mikillar hagsmunagæslu vegna þeirra lögmanna sem reka sjálfstæðar stofur með hefðbundnu sniði.
- Lögmannafélagið hefur ekki sýnt félagsmönnum sínum hjá fjármálafyrirtækjum neinn sérstakan áhuga né staðið fyrir atburðum eða fyrirlestrum sem nýst gætu lögmönnum hjá þessum fyrirtækjum. Þá var bréf LMFÍ til

skattyfirvalda, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra mjög óheppilegt og til þess fallið að valda spennu milli starfsmanna fjármálafyrirtækja og LMFÍ.

Ofangreind niðurstaða er umhugsunarefni með tilliti til þeirrar fjölgunar sem orðið hefur á lögmönnum sem starfa hjá fyrirtækjum og búast má við að haldi áfram á næstu árum.

Þjónusta skrifstofunnar

Hvað varðar skrifstofu LMFÍ eru 60% þátttakenda í könnuninni ánægðir eða mjög ánægðir með störf skrifstofunnar. Flestir hinna

svöruðu því til að þeir væru „hvorki né“ ánægðir eða óánægðir. Aðeins þrír sögðust óánægðir. Þótt niðurstaðan sé góð fyrir skrifstofu félagsins vekur hún jafnframt upp spurningar um þann hóp sem nýtir þjónustu félagsins lítið sem ekkert. Þar er hægt að gera betur.

Lestur Lögmannaþlaðsins

Um helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni segjast lesa Lögmannaþlaðið. Hinn helmingurinn flettir í gegnum það. Aðeins einn af 150 svarendum sagðist hvorki lesa né fletta í gegnum blaðið. Af því má ráða að lestur blaðsins er nokkuð almennur.

Morgunverðarfundur

Þann 27. september var morgunverðarfundur á vegum Lögmannafélagsins í samstarfi við alþjóðlegu lögmannsstofuna BNT Legal & Tax sem hefur sérhæft sig í lögmannsþjónustu í mið- og austur Evrópu. Efni fundarins var lagaumhverfið í Eystrasaltsríkjunum og hvaða möguleikar væru fyrir frekari útrás íslenskra fyrirtækja á þessu viðskiptasvæði. Einnig var rætt um hvaða hlutverk lögmennt gegni í þessum viðskiptum og þau tækifæri sem væru fyrir íslenskar lögmannsstofur að starfa á þessum vettvangi. Frummælandi á fundinum var Theis Klauberg en einnig sátu fyrir svörum lögmenntirnir Frank Heemann og Arturs Krauklis en þeir eru allir í



hópi eigenda BNT Legal & Tax. Fundarstjóri á fundinum var Helgi Jóhannesson, hrl. og formaður LMFÍ.

Lögmenntirnir þrír frá lögmannsstofunni BNT Legal & Tax. F.v. Theis Klauberg, Frank Heemann og Artur Krauklis.

Upplýst ákvörðun öruggari viðskipti

PIPAR • SIA • 70504



Lánstraust er framsækið og leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga.

Lögmennt sem nýta sér þjónustu Lánstrausts hafa aðgang að upplýsingum úr:

Dómasafni allt frá árinu 1946

Ökutækjaskrá/kennitöluleit

Uppboðsvakt /framhaldsuppboðum

Vanskilaskrá

Veðbandayfirliti

Fyrirtækjaskrá o.fl.

Þjóðskrá/kennitöluleit

Lögmennt hafa heimild til að skrá mál á vanskilaskrá Lánstrausts, sem getur um leið bætt innheimtuárangur.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.LT.IS
OG HJÁ FYRIRTÆKJARÁÐGJÖFUM LÁNSTRAUSTS.**

L Á N S T R A U S T H F.

F O R V A R N I R Í F J Á R M Á L U M

Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík • Sími: 550 9600 • LT@LT.is • www.LT.is



Skrifstofa BBA//Legal í London

Útrás lögmannsstofanna heldur áfram en í vor opnaði BBA//Legal skrifstofu í London. Þetta er önnur íslenska lögmannsstofan sem opnar útibú í London en LOGOS reið á vaðið í ársbyrjun 2006.

Rannveig Borg Sigurðardóttir hdl., sem veitir skrifstofu BBA//Legal í London forstöðu sagði í viðtali við Lögmannsblaðið að stefnt væri að því að þar yrðu að minnsta kosti tveir lögmennt að jafnaði fyrir utan aðstoðarfólk.

„BBA//Legal starfar mikið á alþjóðlegum vettvangi og hefur stækkað mjög hratt undanfarin ár. Stór hluti af verkefnum stofunnar tengjast útlöndum á einn eða annan hátt og við vildum veita viðskiptavinum okkar enn betri þjónustu með því að starfrækja skrifstofu í einni helstu fjármálaborginni í dag - London. Stór hluti af íslenskum viðskipta-



Skrifstofa BBA//Legal er á Berkley Square í vesturhluta London.

vinum BBA//Legal hefur opnað útibú eða á dótturfyrirtæki í London og markmiðið er að fylgja þeim. Markhópurinn er vissulega íslensk fyrirtæki sem starfa í Bretlandi en einnig erlend fyrirtæki sem vilja fjárfesta á Íslandi. Viðskiptavinir BBA//Legal eru frá mörgum löndum en lögmannstofur á borð við Allen&Overy, Eversheds, Clifford Chance og Linklaters hafa verið að leita til okkar í vaxandi mæli varðandi fyrirspurnir um íslensk lög og íslenskan markað,“ sagði Rannveig.

Auðvelt að tileinka sér nýtt lagaumhverfi

Rannveig nam lögfræði við Sorbonne háskóla í Frakklandi og hefur að því leyti annan bakgrunn en flestir íslenskir lögmennt. Þar lagði hún aðaláherslu á alþjóðavíðskiptalög og evrópurétt en fór síðan í framhaldsnám í alþjóðlegum einkamála- og viðskiptarétti við sama háskóla. Rannveig fékk réttindi sem héraðsdómslögmaður á Íslandi árið 2006 og hefur nýlokið prófi til að fá réttindi sem héraðsdómslögmaður eða „solicitor“ í Bretlandi og Wales.

Rannveig hóf störf hjá BBA//Legal árið 2005 en áður starfaði hún hjá BNP Paribas sem er einn af stærstu bönkum Frakklands. Rannveig sagði það alltaf að verða einfaldara fyrir lögmennt að fara úr einu landi til annars innan Evrópu og að starfsemin í London legðist mjög vel í sig: „Ég hef fengið tækifæri til að starfa í Frakklandi, Þýskalandi, Lúxemborg, Íslandi og nú Bretlandi og það hefur komið mér á óvart



Rannveig Borg Sigurðardóttir veitir skrifstofu BBA//Legal í London forstöðu.

hvað það er í raun auðvelt að tileinka sér nýtt lagaumhverfi svo framarlega sem maður hafi góða grunnmenntun í lögfræði frá einu landi.“

Rannveig sagði að það væri lítil munur á að starfa í þessum löndum. „Ég hef aðallega starfað við víðskiptalögfræði og við alþjóðleg verkefni eins og til dæmis kaup og sölu á fyrirtækjum. Aðkoman að stórum alþjóðlegum verkefnum í Evrópu er mjög svipuð. Auðvitað er þó nauðsynlegt að laga verkefnið að lögum hvers lands. Vinnutíminn er þó almennt mun lengri hér úti en heima. Á stærri lögmannstofum eins og hjá Allen&Overy þar sem ég var að vinna yrði það talinn stuttur vinnudagur að vinna frá 9 til 20,“ sagði Rannveig að lokum.

Skil fjárvörsluyfirlýsinga vegna ársins 2006.

Pann 1. október s.l. rann út frestur sjálfstætt starfandi lögmannna til að skila inn fjárvörsluyfirlýsingum fyrir árið 2006. Eru lögmennt sem enn hafa ekki skilað slíkri yfirlýsingu, hvattir til að ganga frá sínum málum án tafar, þannig að stjórn félagsins þurfi ekki að leggja til niðurfellingu málflutningsréttinda við dómsmálaráðherra á grundvelli 3. sbr. 1. mgr. 13. gr. lögmannalaga nr. 77/1998, sbr. 8. gr. laga nr. 93/2004.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (níu þýðendur og túlkar). Dóm og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.

Laugavegi 163a - sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is

intellecta stjórnunar- og rekstrarráðgjöf

Intellecta er öflugt ráðgjafarfyrtæki þar sem...

...okkar markmið er að veita viðskiptavinum virðisaukandi þjónustu

...við sækjumst eftir að vinna með viðskiptavinum

...við erum til fyrir viðskiptavinum

Intellecta er vaxandi þekkingarfyrtæki með ráðgjafa sem hafa áralanga reynslu af ráðgjöf í stjórnun, starfsmannamálum, markaðsmálum, fjármálum og reikningskilum og framkvæmd kannana og greininga.

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík
Sími 511 1225 Fax 511 1126
intellecta@intellecta.is
www.intellecta.is

Lögmannafélagið fær til sín erlenda fyrirlesara

Þann 13. september héldu Colin Pearson og Akash Sachdeva lögmennt hjá Allen & Overy LLP lögmannsstofunni í London námskeið á vegum Lögmannafélagsins. Á námskeiðinu var fjallað um tvo aðskilda hluti sem þó voru báðir á sviði samningaréttar. Annars vegar um gerð dreifingarsamninga og hins vegar um hugverkarétt í samstarfsamningum fyrirtækja.

Í fyrri fyrirlestrinum fóru þeir Colin og Akash yfir mismunandi gerðir dreifingarsamninga, hvaða atriði þarf að skoða sérstaklega áður en slíkir samningar eru gerðir og helstu ákvæði dreifingarsamninga. Þá voru sérstaklega skoðuð tengsl dreifingarsamninga við ákvæði sam-

keppnislaga þar sem í dreifingarsamningum er oft kveðið á um einkarétt aðila til dreifingar á ákveðnum vörum sem aftur getur haft í för með sér áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði, sérstaklega ef viðkomandi framleiðandi eða heildsali er með markaðshlutdeild yfir 30%.

Í síðari fyrirlestrinum var farið yfir í hvaða tilvikum fyrirtæki geta haft ávinning af samstarfi og hvaða ramma er þá hentugast að setja utan um slíkt samstarf. Sérstaklega þarf að huga að vernd trúnaðarupplýsinga og þá þarf að ákveða hvaða hugverkaréttindi hvor aðili um sig leggur til samstarfsins, hvað verður um þau hugverkaréttindi sem myndast geta og hvað um þessi réttindi verða þegar samstarfinu lýkur.

Fyrirlesarar gáfu vinnu sína

Þetta er í fyrsta sinn sem Námsjóður Lögmannafélagsins fær til Íslands erlenda fyrirlesara gagnert í því skyni að kenna á námskeiðum félagsins. Var verði námskeiðsins mjög stillt í hof enda var lögmannsstofan Allen & Overy LLP svo rausnarleg að taka ekkert gjald fyrir kennsluna sem slíka og þurfti félagið því eingöngu að greiða ferðakostnað og uppihald fyrirlesarana. Var það samróma álit þeirra sem námskeiðið sóttu að Lögmannafélagið ætti að gera meira af því í framtíðinni að fá hingað til lands erlenda fyrirlesara til að miðla kunnáttu sinni til íslenskra lögmannna.

Ánægja meðal þátttakenda

Lögmannablaðið tók tvo lögmennt tali sem sátu námskeiðið. Halldór Backman hrl. hjá BogB lögmonnum taldi að námskeiðið myndi tvímælaust nýtast sér í starfi enda væri hann að færa sig meira inn á þetta svið lögfræðinnar. Aðspurður taldi Halldór það ekki vera vandamál að erlendir fyrirlesrar héldu fyrirlestra á ensku. Hann sagðist gjarnan vilja fá fleiri erlenda sérfræðinga til að halda námskeið hjá Lögmannafélaginu og þá sérstaklega á sviði fjármála- og bankalögfræði.



Colin Pearson.



Akash Sachdeva.

Lögmannaþingið ræddi einnig við Hörð H. Helgason hdl. hjá LM Lögmönnum. Honum fannst námskeiðið hafa verið frábært í alla staði og taldi það nýtast sér mjög vel, enda komi gerð hugverkasamninga oft inn á hans borð. Hörður sagði Colin og Akash hafa talað hægt og skýrt eins og týpískir breskir lögmenn. Ætti Lögmannafélagið því að vera ófeimnara við að fá erlenda sérfræðinga til að halda námskeið hér á landi og í því sambandi hefði hann sérstaklega áhuga á námskeiði er varðaði hugbúnaðarrétt og hugbúnaðarsamninga.

Guðrún Björk Bjarnadóttir, hdl.



Guðrún Björk Bjarnadóttir, brá sér í hlutverk blaðamanns og tók tvo þátttakendur á námskeiðinu tali.

F.v. Hörður Helgason, Halldór Bachmann og Guðrún Björk Bjarnadóttir.

RENATA ERLENDSSON
löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h • 562 2562 v
GSM: 898 0904 • Fax: 562 2517



Sérsniðin enskupjálfun fyrir lögmenn og löglærða.

Sérhæfð námskeið fyrir þá sem hafa **góðan grunn í ensku**, en vilja bæta stöðu sína og ná betri tökum á faglegu tungutaki og orðnotkun t.d. í fundarstjórn eða samningagerð.

Hagnýt þjálfun og reyndir kennarar tryggja miklar framfarir á stuttum tíma. **Form námskeiða:** Einkapjálfun, samsett námskeið, eða smáhópur. Ein vika eða tvær - og í boði allt árið.

Executive
& Professional
Language Training

lingo
MÁLAMÍÐLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS



Helgi Jóhannesson, formaður LMFÍ, setti málþingið. F.v. Ólafur Páll Gunnarsson, Guðbjörg Bjarnadóttir, Jóhannes Rúnar Jóhannesson, Páll Hreinsson, Helgi Jóhannesson, Þórður Sveinsson, Hörður Helgi Helgason og Særún María Gunnarsdóttir.

Málþing um persónuvernd

Árlegt málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands var haldið á Þingvöllum 7. september síðastliðinn. Að þessu sinni var umfjöllunarefnið persónuvernd. Í upphafi varpaði dr. Páll Hreinsson, fundarstjóri, fram spurningu dagsins um hvort hægt væri að samræma réttinn til friðhelgi einkalífs við aukna ásókn ríkis og einkaaðila í persónuupplýsingar. Málþingsgestum til hugarhægðar, og til að gefa tóninn fyrir umræður dagsins, taldi hann svo vera ef saman færu setning vandaðra lagareglna og skynsamleg beiting þeirra.

Persónuvernd í vinnuréttarsamböndum

Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, lýsti lagareglum og sjónarmiðum um söfnun persónuupplýsinga í aðdraganda að stofnun vinnuréttarsambands. Slík söfnun upplýsinga hjá starfsumsækjendum hefur vaxið á síðari árum og getur hæglega náð til viðkvæmra persónuupplýsinga, t.d. um heilsufar, fjárhag og sakarferli. Niðurstaða Þórðar var sú að til uppfylla kröfur um persónuvernd þyrfti að gæta meðalhófs og

skoða hvert tilvik sérstaklega, m.a. hvort upplýsingasöfnunin stæði í eðlilegu samhengi við það starf sem sótt væri um. Þá yrði að gera ríkari kröfur til samþykkis fyrir söfnun upplýsinga í vinnuréttarsamböndum en ella vegna aðstöðumunar aðila.

Hörður Helgi Helgason hdl., fjallaði um persónuvernd á vinnustöðum eftir að ráðningarsambandi er komið á. Framfarir í upplýsingatækni eru bæði hraðar og ófyrirsjáanlegar þannig að ómögulegt er að spá fyrirfram um hvaða upplýsinga um starfsmann, eða tölvunotkun hans, megi afla úr upplýsingakerfum vinnuveitenda á seinni stigum. Hörður sagði að persónuvernd starfsmanna hefði hlotið litla athygli við gerð kjarasamninga hér á landi fram að þessu og taldi að það myndi breytast líkt og raunin hefði orðið í nágrannalöndunum.

Persónuvernd við rannsókn sakamála

Næst var kastljósinu beint að persónuvernd við rannsókn sakamála. Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., lýsti lagaheimildum lögreglu til söfnunar upplýsinga og þeim

gagnagrunnum og skráum sem lögregla heldur. Kunnugleg er vinnsla upplýsinga við rannsókn sakamála eftir að brot hefur verið framið og til að koma í veg fyrir yfirvofandi brot. Söfnun upplýsinga til að koma í veg fyrir afbrot, sem væru ekki endilega aðsteðjandi, væri hins vegar nýlunda. Jóhannes nefndi sem dæmi aðgerðir yfirvalda til að sporna við hryðjuverkum og setti fyrirvara við þær. Hann nefndi í því sambandi nýlega reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra og taldi verulega vanta upp á að nauðsynlegar heimildir væru fyrir hendi í settum lögum í vinnslu persónuupplýsinga. Ótækt væri að setning reglugerðar gæti ein og sér uppfyllt nauðsynlegar lögmætis-kröfur.

Særún María Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd, fjallaði um sívaxandi vinnslu persónuupplýsinga sem alþjóðlegt samstarf hefur leitt af sér, t.d. á sviði viðskipta, landamæravörslu og lögreglumála. Að hennar mati reynir oft nokkuð á þolmörk þess að gætt sé grundvallarreglna um friðhelgi einkalífs. Rakti hún þær reglur hafa þyrfti í

heiðri um vinnslu persónuupplýsinga til að samræma ólíka hagsmuni.

Persónuvernd og vátryggingaréttur

Að loknu kaffihléi fjallaði dr. Guðmundur Sigurðsson, hrl. og prófessor, um hvaða réttarreglur gilda um söfnun persónuupplýsinga við gerð vátryggingasamninga og uppgjör tjóna. Hann lýsti hvaða upplýsingar kæmu við sögu, hverjum væri falið að afla þeirra og með hvaða hætti. Þá rakti hann umdeild og óútkljáð álitafni sem nýlega hafa komið upp við lagasetningu, m.a. þegar leita á upplýsinga um heilsufarssögu ættingja tryggingataka sem hyggst taka persónu-tryggingu hjá vátryggjanda.

Persónuvernd og fjármálamarkaðir

Að lokum var athyglinni beint að fjármálamörkuðum. Guðbjörg Bjarnadóttir, lögfræðingur og sviðsstjóri lánasviðs Fjármálaeftirlitsins, lýsti afar víðtækum lagaheimildum stofnunarinnar til að kalla eftir hvers kyns upplýsingum frá fyrirtækjum í fjármálageiranum samkvæmt lögum sem um hann gilda. Þá lýsti Guðbjörg vinnureglum sem stofnunin hefur sett sér um vörslu og eyðingu gagna til að tryggja persónuvernd. Að lokum lýsti hún þeim rökum



Fjórir af sjö fyrirlesurum málþingsins. F.v. Guðmundur Sigurðsson, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Þórður Sveinsson og Guðbjörg Bjarnadóttir.

sem liggja að baki jafn víðtækum heimildum sem hér um ræðir, m.a. þeirri staðreynd að erlendir greiningaraðilar og alþjóðastofnanir gera miklar kröfur til gagnsæis og virks eftirlitskerfis við mat sitt á íslenska fjármálamarkaðinum.

Ólafur Páll Gunnarsson, lögfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, lýsti framkvæmd persónuverndarlaga hjá fyrirtækjum í fjármálageiranum, m.a. í ljósi þess trausts sem verður að ríkja á milli þeirra og viðskiptamanna sem oftast en ekki líta á upplýsingar um eigin fjármál sem sín helgustu vé.

Í lokin

Arngrímur Ísberg, dómari og varaformaður Dómarafélags Íslands, sleit málþinginu með þeim orðum að viðfangefni dagsins hefði verið

réttarsvið sem ekki hafi verið til þegar hann sat á skólabeck í laga-deild. Margir viðstaddir gátu tekið undir þau orð.

Einsýnt virðist að söfnun og vinnsla persónuupplýsinga á vegum ríkis og einkaaðila muni halda áfram að vaxa hröðum skrefum því ekki verður horft framhjá þeirri staðreynd að oftast byggir hún á málefnalegum grunni. Er nauðsynlegt að réttarþróunin taki mið af þeirri þróun eins og frekast er unnt og að lögmenn og dómarar gefi sviðinu góðan gaum. Var því vel til fundið að efna til málþings um nýjustu strauða og stefnur í persónuverndarrétti þótt einungis næðist að stikla á stóru þegar um jafn viðamikið og flókið viðfangsefni er að ræða.

Jóhann Hjartarson hdl.



Að venju var málþingið haldið á Þingvöllum.

Af Merði lögmanni

Mörður fór út að skemmta sér um síðustu mánaðarmót með nokkrum kollegum. Það var talsverður órói í Merði þetta kvöld sem hann eyddi í að leita að konu sem léti ekki ytra útlit blekkja heldur sæi dýptina í andlegu atgeroi hans. Það hafði oft reynst vel að nefna lögmannsstarfið í byrjun samtals við veikara kynið og hann beitti því óspart að þessu sinni.

Þrátt fyrir það, og að Mörður þvældist milli öldurhúsa borgarinnar, þá varð honum lítið ágengt að þessu sinni. Það var eins og konum sem urðu á vegi Marðar liði ekki vel í návist hans. Þegar öldurhúsin lokuðu síðla nætur var Mörður ennþá kvenmannslaus og því rölti hann út á Lækjargötu til að ná í leigubíl. Þar var mannmörgð mikil og löng röð. Mörður kippti sér ekki upp við það enda veður gott og enn von til að kynnast góðri konu í leigubílaröðinni. Mörður kom sér þar fyrir í hópi ungra kvenna, tók upp vasapelann sem hann skilur aldrei við sig, og sagði sögur frá því í gamla daga. Var gerður góður rómur að og mikið flissað eins og ungpíum er tamt.

Þegar Mörður hafði staðið í röðinni í hartnær klukkustund varð honum mál að míga. Mörður er ekki mikið fyrir að flagga því sem lítið er og brá sér því á bak við limgerðið í Hallargarðinum. Áður en Mörður náði að hrist ánn þrisvar kom hann skyndilega auga á veru við limgerðið. Hélt Mörður að hann sæi ofsjónir því veran var með stórt kasketi og strípur upp eftir handleggnum og út á bak. Mörður hélt fyrst að hann væri kominn í álfheima en áttaði sig á veruleikanum þegar þrír tröllvaxnir sérsveitarmenn réðust að Merði og sneru hann umsvifalaust niður og handjárnudu - eftir skipun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Mörður var færður á lögreglustöð ásamt hópi af fólki sem aldrei áður hafði komist í kast við lögin en hafði þetta kvöld ákveðið að míga bak við tré frekar en á sig. Merði var boðið að ljúka málinu með sátt en sæta ella ákæru fyrir brot á lögreglusamþykkt. Mörður varðist hins vegar fimlega og taldi þetta refsilaust vegna neyðarréttar. Árangur varð enginn því vörnin var flokkuð undir óspektir og Merði kastað inn í fangaklefa með nokkrum góðkunningjum lögreglunnar. Í fangaklefanum var Mörður þungt hugsí yfir því hvort lögreglustjórinn hefði aldrei þurft að míga utandyra.

Í fangaklefanum rifjaði Mörður einnig upp hitt skiptið sem hann var handtekinn en þá kom „míga“ líka við sögu en þó með allt öðrum hætti. Mörður var þá að keyra gamlan vegslóða að sumarhúsi sínu þegar þyrta kom skyndilega úr háloftunum með lögreglustjóra í Árnessýslu ásamt tveimur sérsveitarmönnum innanborðs. Skipti engum togum að Mörður var handtekinn fyrir utanvegaakstur og sýndist, miðað við látbragð lögreglustjórans, að hér væri um mjög alvarlegan glæp að ræða. Vegna þrass og leiðinda Marðar við handtökuna var hann einnig grunaður um ölvunarakstur. Mörður neitaði hins vegar að gefa þvagprufu þar sem honum var alls ekki mál að míga. Skipti þá engum togum að heil hersveit manna snéri Mörð niður og tróð í hann þvaglegg.

Þegar líða tók á morguninn fór reiðin að renna af Merði í fangaklefanum og hann sá að þessir vösku lögreglustjórar höfðu rétt fyrir sér í einu og öllu enda geta þeir skipað mönnum að míga og míga ekki. Auðvitað mun fólk hætta að drekka þegar það er bannað af lögreglunni að míga í bænum. Það er því ekki flókið að leysa hinn meinta miðbæjarvanda. Auðvitað mun svo fólk hætta að keyra ölvæð þegar það á að hætta að vera skipað að míga af lögreglunni.

Mörður iðraðist og honum var sleppt út úr klefanum rétt fyrir morgunmessuna. Að míga eða míga ekki – það er spurningin.

FORSKÖT

FOLK OG FYRIRTAÆKI

-8,2

-2,8

50,2

56,4

20,5

-41,2

12,7

12,5

Viðskiptablaðið

vb.is

Á MARKAÐNUM



82,7%

DAGBLAÐ
ATVINNULÍFSINS

31,0

38,2

56,4

20,5

SKATTAMÁL



NÚ Í FYRSTA SINN
HELGARÁSKRIFT
VIÐSKIPTABLAÐSINS

Fyrir 1.590 krónur á mánuði
færðu **GLÆSILEGT**

HELGARBLAÐ Viðskiptablaðsins
sent til þín. Borgaðu fyrirfram
og fáðu **3 MÁNUÐI FRÍA.**

Nánari upplýsingar í síma **511
6622** eða á **askrift@vb.is.**

VERTU VIRKUR
Í VERÖLD
VIÐSKIPTANNA

Golfsumarið 2007

Minningarmót

Minningarmót um Guðmund Markússon hrl. og Ólaf Axelsson hrl. fór fram í góðu veðri 14. júní á Vífilstaðavelli í Garðabæ. Alls tók 21 golfari þátt í mótinu að þessu sinni.

Úrslit urðu þessi:

A. Í keppni um Guðmundar bikarinn (án forgjafar):

1. Jóhannes B. Björnsson 23 p
2. Gísli G. Hall 23 p
3. Baldvin B. Haraldsson 23 p

Þar sem þessir þrír voru með sama heildarpunktafjölda eftir 18 holur voru það punktar á seinni 9 holunum sem réðu.

B. Í keppni um Óla Axels bikarinn (með forgjöf):

1. Jóhannes B. Björnsson 37 p
2. Baldvin B. Haraldsson 33 p
3. Gunnar Viðar 30 p

Fjórleikur við tannlækna

Árvisst keppni lögmanna við tannlækna fór fram í bjartviðri á Kálfa-tjarnarvelli á Vatnsleysuströnd þann 19. júní. Að þessu sinni var þátttaka slök en aðeins 10 lögmenn mættu til leiks við 16 tannlækna. Einhverjar ónefndar lögmennsstofur héldu privatgolfmót þennan dag og dró það úr mætingu. Ófyrirgefanlegt auðvitað og má ekki gerast aftur. Lögmenn hafa haft betur eða haldið jöfnu gegn tannlæknum síðustu árin. Í þetta skiptið endaði viðureignin með naumum sigri lögmanna. Á síðasta ári unnu lögmenn keppnisbikarinn (Dentalexbikarinn) til eignar en tannlæknar sviku gefin loforð um nýtt eintak úr silfri.

Fjórleikur við lækna

Keppni við lækna fór fram á Strandarvelli við Hellu þann 1. júlí við bestu aðstæður. Læknar unnu sann-



Verðlaunahafar á minningarmóti f.v.: Gunnar Viðar, Baldvin B. Haraldsson, Jóhannes B. Björnsson og Gísli G. Hall.



Á meistaramóti LMFÍ. Gunnar Viðar les flötina.

færandi sigur og hafa nú unnið tvö ár í röð eftir heldur rýra uppskeru undanfarinn áratug. Þetta er fyrsta tap lögmanna gegn læknum í þrjú ár og þeir ræða nú um nauðsyn þess að grípa til róttækra ráðstafana til þess að snúa vörn í sókn.

Fjórleikur við endurskoðendur

Leikur við endurskoðendur var fyrirhugaður 23. ágúst á Hamarsvelli sem er nýr 18 holu völlur Golfklúbbs Borgarness. Er fréttist af vondu veðri

afboðuðu endurskoðendur sig en nokkrir úr lögmannaliðinu spiluðu í staðinn 18 holu hring í Grafarholtinu í ágætu veðri. Ekki fannst önnur dagsetning til keppinnar í haust og því lagt til að þessi leikur fari fram í maí eða júní á næsta ári.

Meistaramót LMFÍ

Meistaramót lögmanna í golfi var haldið föstudaginn 31. ágúst á Urriðavelli. Völlurinn var í einstaklega góðu standi þar sem Íslands-mótið í holukeppni hafði farið fram



Sveiflan er í góðu lagi hjá Ásgeiri Eiríkssyni en hann stóð uppi sem sigurvegari meistaramótsins.



Svipurinn á Brynjari Níelssyni segir meira en mörg orð um hversu gott höggið var. Það skal tekið fram að hann komst ekki á verðlaunapall að þessu sinni.



Örugg eyðing gagna

GAGNAEYÐING

Skútuvoði 13
s. 568 9095
gagnaeyding.is

viku fyrr. Veðurguðirnir voru okkur hins vegar andsnúnir og þáttakan því dræm. Aðeins þeir hörðustu skráðu sig til leiks og enn frekari afföll urðu þar sem veður var afleitt að morgni leikdags. Eftir stóð því úrvalssveit lögjaxla sem lét veðurhaminn lítið á sig fá. Einn af þeim sem hóf leik heltist úr lestinni en á 12. braut var Gísli G. Hall fjarlægður af vellinum í bókstaflegri merkingu. Einn fulltrúi mótsnefndar hélt því fram að Gísli hefði brotið gegn leikreglum sem var að sjálfsögðu rangt. Hann reyndi að víta Gísla fyrir að tíu boltanum fyrir framan teigmerki og sýna mótanefnd dónaskap fyrir að mótmæla þessum (röngu) ásökunum. Allt tengdist þetta undirbúningi undir brúðkaup Gísla en félagar hans höfðu hann á brott með sér í langferðabifreið. Segja má að hinn geðþekki, strangheiðarlegi og dagfarsprúði lögmaður Gísli G. Hall hafi því verið „tekinn“ enda allt leyfilegt við þessar kringumstæður! Sendir golfnefndin Gísla heillaóskir og baráttukveðjur vegna ráðahagsins. Ásgeir Eiríksson

ber heiðurstílinn félagsmeistari Lögmannafélags Íslands næsta árið.

Úrslit Meistaramóts LMFÍ 2007:

Með forgjöf

1. Ásgeir Eiríksson
2. Guðmundur Sophusson
3. Lúðvík Bergvinsson

Án forgjafar

1. Ásgeir Eiríksson
2. Ásgeir Ragnarsson
3. Bernhard Bogason

Næstur holu á 4. braut:

Ásgeir Ragnarsson

Lengsta teighögg á 10. braut:

Bernhard Bogason

Kaupþing kostaði mótið með rausnarlegu framlagi og bauð upp á golfbolta fyrir leik, verðlaunapeninga og mat eftir leik ásamt léttum veitingum. Pakkar Golfnefndin þeim sérstaklega fyrir höfðinglegt framlag. Við þökkum þeim kylfingum sem tóku þátt í mótum þessa árs fyrir golfsumarið og bjóðum aðra velkomna. Sjáumst að ári.

Með kveðju frá sjálfskipaðri golfnefnd LMFÍ



Helgi Jóhannesson hrl.

Áhugavert áhugaleysi

Af umfangsmikilli umfjöllun fjölmiðla nýlega af dómi í refsimáli sem kveðinn var upp yfir starfandi lögmanni er ljóst að lögmenn eru settir undir annað og strangara mæliker þegar kemur að fjölmiðlaumræðu um slík mál. Óhætt er að fullyrða að málið hefði aldrei hlotið svo mikla fjölmiðlaumræðu ef dómþoli hefði starfað við eitthvað annað. Ég lít svo á að þessi staðreynd sé í raun mikil traustyfirlýsing fyrir lögmenn. Almennungur og fjölmiðlar gera ríkari kröfur til heiðarleika og vammleysis okkar lögmanna og bregðast harðar við ef skugga er varpað þar á en ella væri. Þetta eigum við lögmenn að nýta okkur sem hvatningu til dáða og

áminningu um það að það eru vökul augu sem fylgjast með störfum okkar og framgangi í þjóðfélaginu. Öflugt lögmannafélag er til þess fallið að auka á traust lögmanna í augum fólks og mikilvægt er að félagið bregðist við og standi vörð um það traust.

Til að félagið geti verið trúverðugur fulltrúi allra lögmanna er mikilvægt að félagsmenn sýni því áhuga. Í nýlegri könnun sem Lögmannablaðið lét gera meðal innanhúslögmanna um viðhorf þeirra til félagsins kemur fram að ótrúlega stór hópur, eða 31%, er hvorki jákvæður né neikvæður í garð félagsins. Lögmenn sem eru aðilar

áð skylduaðildarfélagi sem Lögmannafélaginu geta ekki leyft sér þetta áhuga- og andvaraleysi um það hvernig haldið er á þeirra hagsmunum. Það er ekki einungis sjálfsgöð krafa lögmanna að Lögmannafélagið sé öflugur bakhjarl og málsvari lögmanna, heldur er það líka krafa viðskiptavina okkar, réttarkerfisins og þjóðfélagsins alls, að staðið sé öflugan vörð um lögmannsstéttina. Þann vörð geta ekki einungis þeir sem veljast til trúnaðarstarfa fyrir félagið staðið. Þann vörð verða allir lögmenn að standa t.d. með því að leggja hönd á plóg við að beina kröftum félagsins á þær brautir sem okkur nýtast best.

Greiðsla árgjalda til LMFÍ fyrir yfirstandandi ár.

Gíróseðlar vegna árgjalds Lögmannafélags Íslands og félagsdeildar LMFÍ fyrir yfirstandandi ár voru sendir félagsmönnum í maí s.l., en gjalddagi var 1. júní. Þeir lögmenn, sem enn hafa ekki gengið frá greiðslu árgjaldsins, eru hvattir til að greiða það hið fyrsta. Einnig eru þeir félagsmenn sem skulda eldri árgjöld hvattir til að ganga frá greiðslu án tafar en ógreiddar gjaldfallnar árgjaldsskuldir verða sendar í lögfræðiinnheimtu innan tíðar.

Námsferð finnskra lögmanna til Reykjavíkur



Í ágúst komu 23 lögmenn frá Austur-Finnlandi í námsferð til Reykjavíkur. Þeir heimsóttu Alþingi, Héraðsdóm Reykjavíkur, Hæstarétt og lögmannsstofuna Lex en svo bauð LMFÍ þeim upp á brennivín og hákarl að morgni föstudags. Lögmennirnir luku Íslandsheimsókninni með dagsferð út fyrir höfuðborgina.

VASASTIMPLARNIR ERU KOMNIR !




Sýnishorn
100% stærð

Aðalsteinn Sigurðsson

Plast miðar & tæki ehf.
Krókhálsi 1 • 110 Rvk.
S: 567-8888 • F: 567-8889
www.pmt.is • stimplar@pmt.is

pmt
last miðar & tæki ehf.



- ✓ Ný gerð af vasastimplum
- ✓ Stimpilpennar
- ✓ Hringstimplar
- ✓ Dags. stimplar ofl. ofl.
- ✓ ofl. ofl.



www.pmt.is afsláttur ef þú pantar á netinu

Krókhálsi 1 - 110 Reykjavík - pmt@pmt.is sími 567-8888 - fax 567-8889 - www.pmt.is

pmt
last miðar & tæki ehf.



Eyrún Ingadóttir

Endurbætur á bókasafni

Síðustu vikur hafa staðir yfir miklar framkvæmdir í bókasafni Lögmannafélagsins sem staðsett er í kjallara húsnæðis félagsins í Álftamýri 9. Við þessar breytingar stækkar aðstaða safnsins nokkuð en einnig verður sett upp salernisaðstaða og eldhúskrókur. Þá verða gerðar umtalsverðar endurbætur á loftklæðningu og lýsingu, auk þess sem tölvu-, ljósrítunar- og prentaðstaða batnar til muna. Gert er ráð fyrir að nýtt og endurbætt bókasafn verði tekið í notkun í desember næstkomandi.

Námskeið haustannar

Auglýst voru níu námskeið á haustönn og þegar hafa fjögur verið haldin. Í október voru fengnir tveir sérfræðingar af lögmannsstofu Allen & Overy í London til að halda námskeið um dreifingasamninga og hugverkaréttindi. Námskeiðið var vel sótt en fjallað er um það á öðrum stað í blaðinu. Laugardaginn 22. september fór sautján manna hópur í Landnámssetrið í Borgarnesi, á slóðir Eglis Skallagrímssonar. Byrjað var á leiðsögn um héraðið í fylgd Kjartans Ragnarssonar leikara sem sagði sögu Egils á eftirminnilegan hátt. Sögusýningin var skoðuð og endað á að sjá margverðlaunaðan einleik Benedikts Erlingssonar, Mr. Skallagrímsson. Nú er nýlokið námskeið í samstarfi við Pekkingarmiðlun: „Að takast á við erfiða viðskiptavini“ sem var fyrst og fremst stílað á starfsfólk lögmannsstofa. Einnig eru námskeið í vinnurétti og höfundarétti búin en á döfinni eru námskeið í lausafjár-, neytenda- og þjónustukaupum, indverskri matargerð og Corporate governance. Til að kenna á síðasttalda námskeiðinu höfum við fengið Marc T. Moore sem kennir við Háskólann í Bristol.

Annað félagsstarf

Eins og lesa má á öðrum stað í blaðinu er golfvertíð sumarsins nýlokið en fljótlega stendur til að halda hið árlega fótboltamót utanhúss. Eitt af meginmarkmiðum Félags kvenna í lögmennsku er að auka tengslamyndun kvenna í LMFÍ. Í þeim tilgangi hafa þær staðið fyrir gönguferðum um höfuðborgarsvæðið nokkra fimmtudaga en þær sem eru í félaginu fá sendan tölvupóst um stað og tíma með góðum fyrirvara.



Kjartan Ragnarsson leiddi hópinn um slóðir Eglis Skallagrímssonar. Kjartan er mikill sagnamaður og hér er hann að segja frá uppeldi Egils á Borg á Mýrum.



Gunnar Sturluson hrl.

Gæði eru grundvöllur að góðum rekstri

Rekstur lögmannsstofu er ekki frábrugðinn rekstri annarra fyrirtækja. Árangur í slíkum rekstri veltur á mörgum þáttum en þó má segja að gæðin skipti hvað mestu máli. Ef þjónustan er ekki í lagi eru viðskiptavinirnir fljótir að hverfa á braut og leita annað, alveg sama hversu góður lögfræðingur á í hlut. Það er ekki sjálfgefið að góð þjónusta lögmannsstofu og góð lögfræðileg úrlausn á tilteknu álitaeftni haldist í hendur. Langt er síðan fyrirtæki á Íslandi lögðu upp í þann leiðangur að innleiða gæðastjórnun í starfseminu. Lögmannsstofur eru engin undantekning þar á enda á gæðastjórnun fullt erindi við lögmennt og þá þjónustu sem þeir veita. Í þessum pistli er ekki ætlunin að gera fræðilega úttekt á gæðastjórnun heldur tæpa á nokkrum atriðum sem ég tel að lögmennt ættu að gefa gaum.

Hvað er góð lögmannsþjónusta?

Þótt gæði lögmannsþjónustu byggist á því að fræðilega og faglega sé rétt að verki staðið þá ráðast þau af fleiri þáttum. Fyrst og fremst þarf verkið að vera unnið í samræmi við

réttmætar væntingar skjólstæðings lögmannsins, sem ég kys að tala um sem viðskiptavin. Skiptir þess vegna höfuðmáli að menn geri sér grein fyrir því í upphafi viðskiptavinnurinn býst, og vinna síðan úr verkefninu í samræmi við það. Ef það er ekki gert mun viðskiptavinnurinn líklega telja gæðum þjónustunnar ábótavant.

Tímanleg skil eru eitt af því sem mestu máli skiptir fyrir viðskiptavinnurinn. Algeng mistök lögmannna eru að skila verkum of seint af sér og þar með er ráðgjöf eða vinna sem faglega og fræðilega séð er eins og best verður á kosið ekki lengur góð vegna þess að viðskiptavinnurinn bjóst við tímanlegum skilum. Framsetning og úrvinnsla er annar þáttur sem máli skiptir og sömuleiðis að stjórnun á vinnslu verksins sé í ákveðnum og föstum skorðum. Allir þættir í rekstrinum sem snúa að samskiptum við viðskiptavinnurinn hafa áhrif á gæði þjónustunnar til viðbótar við hina lögfræðilegu úrlausn sem hann fær. Allt frá símsvörun, viðmóti og aðstöðu á fundum, viðbragði í svörum og samskiptum yfir í frágang máls, gerð reikninga á réttum tíma

viðbrögðum við mistökum eða gagnrýni á verkið. Í tæknivæddu samskiptaþjóðfélagi okkar er það sjálfsgöð krafa viðskiptavina að tölvupóstum og símaskilaboðum sé svarað innan fárra klukkustunda svo dæmi sé nefnt. Á meðal manna er það útbreiddur misskilningur að viðskiptavinnurinn vilji fá reikninginn seint og um síðir, flest fyrirtæki vilja færa kostnað í bókhald sitt í þeim mánuði sem til hans var stofnað og þess vegna skiptir máli að menn geri reikninga svo fljótt sem verða má. Öll þessi atriði hafa áhrif á mat viðskiptavinnurinn á gæðum þjónustunnar.

Væntingar einstakra viðskiptavina eru mismunandi. Verjandi í opinberu máli ber sig á margan hátt öðruvísi að við að svara kalli viðskiptavinnurinn um góða þjónustu en lögmaður seljanda reksturs fyrirtækis. Grundvallaratriðin eru þó alltaf þau sömu, menn verða að gera sér grein fyrir því um hvað er verið að biðja og leitast við að verða við þeim óskum eins og kostur er. Þeir þurfa einnig að láta viðskiptavinnurinn vita um framgang málsins og vinnslu þess.

Hvernig eru gæði tryggð?

Eitt meginverkefni þeirra sem stjórna lögmansstofum er að tryggja gæði á þjónustunni. Líta þarf annars vegar til þátta sem snúa að starfi stofunnar inn á við og hins vegar þarf að gæta að því sem snýr út á við gagnvart viðskiptavininum og öðrum sem samskipti eiga við stofuna.

Ef við víkjum fyrst að hinum innri þáttum verður að byrja á því að passa upp á að réttur maður sé fenginn til að sinna hverju verki og tryggja að þekking og reynsla viðkomandi henti í verkið. Með stækkun lögmansstofa og meiri umsvifum hefur gefist færi á því að menn sérhæfi sig meira en áður var og þá er sjálfsagt að nýta þá reynslu og þekkingu sem er til staðar á stofunni til að leysa úr verkefnum. Þannig á það ekki að ráða vinnslu á verkefni hver það var sem var beðinn um úrlausnina, heldur hver það er á stofunni sem er best fallinn til þess að leysa úr verkefninu. Oftar en ekki er nauðsynlegt að fleiri en einn komi að verki þar sem mismunandi sérþekkingar er þörf, auk þess sem betur sjá augu en auga. Sá sem ber ábyrgð á verkefninu þarf að hafa yfirsýn yfir allt verkefnið til að geta tryggt að það sé unnið rétt og því skilað á réttum tíma. Með því að nýta sérhæfinguna má venjulega spara bæði tíma og peninga. Með þessu er hagkvæmustu niðurstöðu náð fyrir viðskiptavininn, öllum til hagsbóta.

Í sérfræðiráðgjöf eins og lögmennsku er símenntun algert lykilatriði. Lög-

menn þurfa að halda áfram að sækja sér nýja þekkingu löngu eftir að náminu lýkur og starfsréttindin eru í höfn. Að öðrum kosti eiga þeir á hættu að staðna og að efnistöð þeirra séu ekki rétt eða nægilega góð og í takti við tímann. Þess vegna eiga lögmenn að skipuleggja símenntun sína og verja til hennar tíma og fjármunum. Væri rétt að lögmenn tækju frumkvæði í þessu efni og sameinuðust um að hlúa að og auka áhuga manna á endurmenntun áður en henni verður þvingað upp á þá með valdboði.

Skipulagðir ferlar við vinnslu verkefna, handbækur um vinnulag, formasöfn og aðrar fyrirmyndir, eru allt atriði sem geta átt stóran þátt í að tryggja gæði á þjónustu lögmans. Festa í ráðgjöfinni er mikilvæg þannig að viðskiptavinurinn geti gengið að því sem vísu að hann fái alltaf sams konar þjónustu í öllum tilvikum.

Gagnvart viðskiptavininum eru margir þættir sem geta haft áhrif á upplifun hans á þjónustu lögmans og ráðið því hvort hann telji að hann hafi fengið góða þjónustu. Frágangur skjala, utanumhald um málin og framkoma manna í samskiptum við viðskiptavini og aðila máls getur átt þar stóran hlut að máli. Einnig þarf að huga að því að tæknibúnaður lögmanna sé þannig að menn geti hnökralaust skipst á gögnum og unnið með þau án teljandi vandræða. Eftirfylgni og úrvinnsla skrifstofunnar eftir að hinni eiginlegu lögfræðiráðgjöf sleppir eru að sjálf-

sögðu þáttur í þjónustunni og eiga þátt í mati á gæðum hennar.

Á mörgum sviðum þjónustu hafa fyrirtæki staðlað sína starfsemi og skipulagið lagt til grundvallar vottun á starfseminni. Má ætla að þjónusta lögmanna geti hlotið vottun eftir ISO 9000 staðlinum rétt eins og annarra þjónustufyrirtækja. Það kallar óhjákvæmilega á markmið um stefnu, gæði, skilgreiningar á ábyrgð, verkferla sem unnið er eftir og mat á árangri, svo eitthvað sé nefnt sem þar liggur til grundvallar. Vottunin er staðfesting utanaðkomandi aðila um að kerfið sem unnið er eftir virki. Þýðing slíkrar vottunar er margvísleg og getur án efa verið gott tækifæri fyrir fyrirtæki til að ná betri tókum á starfsemi sinni auk þess sem hægt er að nota slíka vottun um tiltekin gæði í samkeppninni. Í tæknigeiranum er þetta algengt og mun oft vera gert ráð fyrir því í útboðum á þjónustu að vottun skili fyrirtækjum stigum í mati á tilboðum. Vottaðar verkfræðistofur skora því herra í útboðum en óvottaðar, svo dæmi sé tekið.

Niðurlag

Þótt ekki sé almennt komið að því hjá lögmönnum að vinna eftir vottuðum gæðakerfum held ég að við getum ýmislegt lært af þeim sem vinna eftir slíkum kerfum um hvernig mætti bæta gæði og árangur okkar í rekstri á lögmansstofum. Má þar nefna skjalastjórnun og aðra gagnavörslu, verkbókhald, eftirfylgni með verkefnum og viðbragðsáætlanir þegar mistök eiga sér stað í vinnslu verkefna.

Með vaxandi umsvifum lögmansstofa og fjölgun starfsmanna verður ekki hjá því komist að gefa því meiri gaum að skipuleggja vinnubrögð með það að markmiði að tryggja gæði þjónustunnar. Með því getum við aukið hróður lögmansstéttarinnar og gert lögmansstofur að aðlaðandi og spennandi vinnustöðum fyrir metnaðarfullt fólk.



The Nordic Exchange

BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný málflytningaréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Jóhannes Ásgeirsson hrl.
Lögmannsstofa Jóhannesar
Ásgeirssonar
Suðurlandsbraut 10
108 Reykjavík
Sími: 568-7310

Ný málflytningaréttindi fyrir héraðsdómi.

Stefán Bogi Sveinsson hdl.
B&B lögmennt
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 581-1190

Ragnar Árni Sigurðsson hdl.
Tollstjórnin í Reykjavík
Héðinsgötu 10
105 Reykjavík
Sími: 560-0342

Daði Ólafsson hdl.
JP lögmennt ehf.
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 588-5200

Hervör Pálsdóttir hdl.
Fulltingi ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Sesselja Sigurðardóttir hdl.
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík
Sími: 545-9933

Dagrún Hálfánardóttir hdl.
Landspítali – háskólasjúkrahús
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík
Sími: 543-1342

Ragnheiður Ólafsdóttir hdl.
Logos lögmannsþjónusta sf.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Teitur Björn Einarsson hdl.
Logos lögmannsþjónusta sf.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Guðjón Ármannsson hdl.
Lex lögmannsstofa
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600

Björgvin Þórðarson hdl.
Lex lögmannsstofa
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600

Gunnar Ingi Jóhannsson hdl.
Lögmennt Höfðabakka ehf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Sími: 257-1286

Hrefna Kristín Jónsdóttir hdl.
DP – lögmennt
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík
Sími: 561-7755

Jóhanna Katrín Magnúsdóttir hdl.
LAG – lögmennt sf
Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík
Sími: 562-2024

Sigurður Guðmundsson hdl.
Kaupþing banki hf
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6191

Porvaldur Emil Jóhannesson hdl.
LM Lögmennt
Skólavörðustíg 12
121 Reykjavík
Sími: 562-1018

Harpa Sólveig Björnsdóttir hdl.
Pacta
Laugavegi 99
101 Reykjavík
Sími: 440-7900

Ingvi Snær Einarsson hdl.
Lex ehf.
Sundagörðum 2
108 Reykjavík
Sími: 590-2600

Nýr vinnustaður:

Sigurberg Guðjónsson hdl.
Stórhús ehf.
Skógarhlíð 22
105 Reykjavík
Sími: 534-2000

Baldur Dýrfjörð hdl.
Norðurorka hf.
Rangárvöllum
603 Akureyri
Sími: 460-1300

Magnús Magnússon hdl.
BBA//Legal
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 550-0500

Jón G. Valgeirsson hrl.
Borg
Grímsnes- og Grafningshreppur
801 Selfoss
Sími: 486-4400

Vífill Harðarson hdl.
Novator ehf.
Sigtúni 42
108 Reykjavík
Sími: 414-6000

Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.
Borgarlögmennt
Suðurlandsbraut 6. 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 533-1338

Jóhanna Helga Halldórsdóttir hdl.
Teymi hf.
Skútuvogi 2
104 Reykjavík
Sími: 595-5011

Birgir G. Magnússon hdl.
Matsgerðir
Hamraborg 12
200 Kópavogur
Sími: 699-2048

Reimar Pétursson hrl.
Straumur – Burðarás
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 580-9100

Bjarni G. Björgvinsson hdl.
Pacta ehf.
Kaupvangi 3a
700 Egilsstaðir
Sími: 440-7500

Áslaug Gunnlaugsdóttir hdl.
BBA//Legal
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 550-0500

Höskuldur Eiríksson hdl.
BBA Legal
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 550-0500

Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.
Regula lögmannsstofa
Hafnarstræti 99-101
600 Akureyri
Sími: 580-7900

Ólöf Embla Einarsdóttir hdl.
Kaupþing banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6174

Egill Þorvarðarson hdl.
Baugur Group
Túngötu 6
101 Reykjavík
Sími: 530-7800

Anna Svava Þórðardóttir hdl.
Veita hf. og AM Praxis
Nóatnúni 17
1014 Reykjavík
Sími: 545-2400

Nýtt aðsetur:

Lögmannshlið lögfræðipjónusta ehf.
Glerárgötu 36, 4.hæð
600 Akureyri
Sími: 466-2700

Themis lögmannsstofa
Bíldshöfða 9, 7.hæð
110 Reykjavík
Sími: 562-9962

Lögfræðipjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf.
Flókagötu 65
105 Reykjavík
Sími: 892-1303

Lögheimar ehf. Lögmannsstofa
Jónas Örn Jónasson hdl.
Skipholti 15
Sími: 512-3600

Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 515-7400

Lögfræðistofa Helgu Leifsdóttur hdl.
Langhóltsvegi 89
104 Reykjavík
Sími: 550-3700



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is